VIÐAUKI C
Reglur varðandi fjármögnun

1. gr.

Í viðauka þessum er að finna ákvæði varðandi framlag Íslands sem um ræðir í 4. gr. samningsins.

2. gr.

1. EFTA-skrifstofan skal sjá um framlag Íslands.

2. Ár hvert á umsömdum tíma af hálfu framkvæmdastjórnarinnar og EFTA-skrifstofunnar skal framkvæmdastjórnin senda EFTA-skrifstofunni beiðni um framlag er svari til framlags allra EFTA-landanna vegna kostnaðar sem leiðir af samningum þeirra um þátttöku í TEDIS-áætluninni.

3. Framlagið skal tilgreint bæði í ECU og í svissneskum frönkum, en samsetning ECU er skilgreind í ráðsreglugerð (EBE) nr. 3180/78. Andvirði framlagsins í ECU skal ákveðið sama dag og greiðslubeiðni er borin fram.

4. EFTA-skrifstofan skal greiða framkvæmdastjórninni framlag EFTA-landanna vegna árlegs kostnaðar samkvæmt samningum þeirra í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að EFTA-skrifstofan hefur móttekið beiðni um greiðslu. Verði vanefndir á greiðslu framlagsins skal EFTA-skrifstofan greiða vexti sem svara til hæstu forvaxta sem í gildi eru á gjalddaga í aðildarríkjum bandalagsins. Vextir skulu hækka um fjórðung úr prósentu fyrir hvern mánuð sem vanskil standa.

5. Hinum hækkuðu vöxtum skal beitt um allt vanskilatímabilið.

6. Reglur um fjármál sem í gildi eru og beitt verður við hin almennu fjárlög Evrópubandalaganna skulu gilda um ráðstöfun fjárveitinganna.

7. Í lok hvers árs skal efnahagsreikningur gerður fyrir fjárveitingar vegna TEDIS-áætlunarinnar og sendur Íslandi og EFTA-skrifstofunni til upplýsinga.

Nr. 9 20. maí 1990

AUGLÝSING

um breytingu á samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna.

Hinn 9. maí 1990 var Alþjóðaflugmálastofnuninni afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunar til að koma í veg fyrir ofbeldisverk í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, til viðbótar við samning frá 23. september 1971 um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna sem gerð var í Montreal 23. febrúar 1988, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 13/1973 þar sem samningurinn er birtur. Bókunin var undirrituð fyrir Íslands hönd 23. febrúar 1988. Hún öðlast gildi að því er Ísland varðar 8. júní 1990.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. maí 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN

til að koma í veg fyrir ofbeldisverk í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, til viðbótar við samning um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem gerður var í Montreal 23. september 1971

Ríki, sem aðilar eru að bókun þessari,

telja, að ólögmætar ofbeldisaðgerðir sem stofna mönnum í hættu eða fallnar eru til að stofna mönnum í hættu í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, eða rekstri slíkra flughafna, grafi undan trausti þjóða heims til öryggis innan þeirra og trufli öryggi og skipulag almennra flugsamgangna til skaða fyrir öll ríki;

telja slíkar aðgerðir mikið áhyggjuefni öllum þjóðum, og að til að fyrirbyggja þær sé brýn þörf á viðeigandi úrræðum til að refsa þeim sem brotlegir gerast;

telja nauðsynlegt, til að bregðast við slíkum ofbeldisaðgerðum í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, að setja viðbótarreglur við ákvæði samnings til að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem gerður var í Montreal hinn 23. september 1971; og

hafa því orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Bókun þessi er til viðbótar við samning um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem gerður var í Montreal 23. september 1971 (hér eftir nefndur „samningurinn"), og milli aðila að bókuninni skulu hún og samningurinn lesin og túlkuð saman sem einn löggerningur væri.

2. gr.

1. Inn í 1. gr. samningsins skal bæta við nýrri málsgrein, 1. mgr. *bis:*

„1. *bis.* Sá gerist sekur um afbrot, sem á ólögmætan hátt og af ásetningi, með því að nota hvers kyns útbunað, efni eða vopn:

(a) Beitir ofbeldi gegn einstaklingi í flughöfn fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, sem veldur eða fallið er til að valda verulegu líkamstjóni eða bana; eða

(b) eyðileggur eða veldur alvarlegum skemmdum á búnaði flughafnar fyrir almenna alþjóðlega

PROTOCOL

for the Suppression of Unlawful Acts of Violence at Airports Serving International Civil Aviation, Supplementary to the Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Civil Aviation, Done at Montreal on 23 September 1971

The States Parties to this Protocol

Considering that unlawful acts of violence which endanger or are likely to endanger the safety of persons at airports serving international civil aviation or which jeopardize the safe operation of such airports undermine the confidence of the peoples of the world in safety at such airports and disturb the safe and orderly conduct of civil aviation for all States;

Considering that the occurrence of such acts is a matter of grave concern to the international community and that, for the purpose of deterring such acts, there is an urgent need to provide appropriate measures for punishment of offenders;

Considering that it is necessary to adopt provisions supplementary to those of the Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Civil Aviation, done at Montreal on 23 September 1971, to deal with such unlawful acts of violence at airports serving international civil aviation;

Have agreed as follows:

ARTICLE I

This Protocol supplements the Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Civil Aviation, done at Montreal on 23 Septemer 1971 (hereinafter referred to as "the Convention"), and, as between the Parties to this Protocol, the Convention and the Protocol shall be read and interpreted together as one single instrument.

ARTICLE II

1. In Article 1 of the Convention, the following shall be added as new paragraph 1 *bis*:

"1 *bis*. Any person commits an offence if he unlawfully and intentionally, using any device, substance or weapon:

(a) performs an act of violence against a person at an airport serving international civil aviation which causes or is likely to cause serious injury or death; or

(b) destroys or seriously damages the facilities of an airport serving international civil aviation or

flugumferð, eða loftfars sem ekki er í rekstri og þar er staðsett, eða raskar starfsemi flughafnarinnar;

ef verknaðurinn stofnar í hættu eða er fallinn til að stofna í hættu öryggi innan flughafnarinnar."

2. Eftirfarandi orðum skal skotið inn í a-lið 2. mgr. 1. gr. samningsins á eftir orðunum „í 1. mgr.":

„eða 1. mgr. *bis*."

3. gr.

Við 5. gr. samningsins skal bæta við nýrri málsgrein, 2. mgr. *bis:*

„2 *bis*. Sérhvert samningsríki skal einnig gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ná lögsögu yfir þeim afbrotum sem getur í 1. gr. 1. mgr. *bis* og 2. mgr. 1. gr., að því leyti sem síðastnefnd mgr. á við um þessi afbrot, í þeim tilvikum þegar meintur brotamaður dvelur á landsvæði þess ríkis og ríkið framselur hann ekki samkvæmt 8. gr. til þess ríkis sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar."

4. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar í Montreal 24. febrúar 1988 af hálfu þeirra ríkja sem þátt taka í alþjóðráðstefnu um loftferðarétt í Montreal 9.–24. febrúar 1988. Eftir 1. mars 1988 skal bókunin liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í London, Moskvu, Washington og Montreal, uns hún öðlast gildi samkvæmt VI. gr.

5. gr.

1. Bókun þessi er háð fullgildingu af hálfu þeirra ríkja sem hana undirrita.

2. Hvert það ríki sem ekki er aðili að samningnum getur fullgilt bókun þessa ef það fullgildir um leið samninginn eða gerist aðili að honum samkvæmt 15. gr. hans.

3. Fullgildingarskjöl skulu afhent ríkisstjórnum Sovétríkjanna, Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og Bandaríkja Ameríku, eða Alþjóðaflugmálastofnuninni, en þeim er hér með falin varsla þeirra.

6. gr.

1. Er tíu ríki sem undirritað hafa bókun þessa hafa afhent skjöl sín um fullgildingu hennar, skal hún öðlast gildi á milli þeirra á þrítugasta degi frá því er tíunda fullgildingarskjal var afhent. Gagnvart hverju ríki sem síðar afhendir fullgildingar-

aircraft not in service located thereon or disrupts the services of the airport,

if such an act endangers or is likely to endanger safety at that airport."

2. In paragraph 2 (a) of Article 1 of the Convention, the following words shall be inserted after the words "paragraph 1":

"or paragraph 1 *bis*".

ARTICLE III

In Article 5 of the Convention, the following shall be added as paragraph 2 *bis*:

"2 *bis*. Each Contracting State shall likewise take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences mentioned in Article 1, paragraph 1 *bis*, and in Article 1, paragraph 2, in so far as that paragraph relates to those offences, in the case where the alleged offender is present in its territory and it does not extradite him pursuant to Article 8 to the State mentioned in paragraph 1 (a) of this Article."

ARTICLE IV

This Protocol shall be open for signature at Montreal on 24 February 1988 by States participating in the International Conference on Air Law held at Montreal from 9 to 24 February 1988. After 1 March 1988, the Protocol shall be open for signature to all States in London, Moscow, Washington and Montreal, until it enters into force in accordance with Article VI.

ARTICLE V

1. This Protocol shall be subject to ratification by the signatory States.

2. Any State which is not a Contracting State to the Convention may ratify this Protocol if at the same time it ratifies or accedes to the Convention in accordance with Article 15 thereof.

3. Instruments of ratification shall be deposited with the Governments of the Union of Soviet Socialist Republics, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland and the United States of America or with the International Civil Aviation Organization, which are hereby designated the Depositaries.

ARTICLE VI

1. As soon as ten of the signatory States have deposited their instruments of ratification of this Protocol, it shall enter into force between them on the thirtieth day after the date of the deposit of the tenth instrument of ratification. It shall enter into

skjal sitt skal hún öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að fullgildingarskjalið var afhent.

2. Um leið og bókun þessi öðlast gildi skal hún skrásett af vörsluaðilum í samræmi við ákvæði 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og 83. gr. samþykktar um alþjóðaflugmál (Chicago 1944).

7. gr.

1. Er bókun þessi hefur öðlast gildi skal öllum ríkjum sem ekki hafa undirritað hana heimilt að gerast aðilar að henni.

2. Hvert það ríki sem ekki er aðili að samningnum getur gerst aðili að bókun þessari ef það fullgildir um leið samninginn eða gerist aðili að honum samkvæmt 15. gr. hans.

3. Aðildarskjöl skulu afhent vörsluaðilum, og skal aðild öðlast gildi þrjátíu dögum eftir afhendinguna.

8. gr.

1. Hver aðili að bókun þessari getur sagt henni upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðilanna.

2. Uppsögn öðlast gildi að liðnum sex mánuðum frá þeim degi er vörsluaðilar fengu tilkynninguna í hendur.

3. Uppsögn bókunar þessarar skal ekki í sjálfu sér hafa uppsagnaráhrif á samninginn.

4. Uppsögn samningsins af hálfu samningsríkis, eins og honum hefur verið breytt með bókun þessari, skal einnig hafa uppsagnaráhrif á bókun þessa.

9. gr.

1. Vörsluaðilar skulu án tafar tilkynna öllum ríkjum sem undirritað hafa bókun þessa eða gerst aðilar að henni, og öllum ríkjum sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum

(a) um dagsetningu hverrar undirritunar og afhendingar hvers fullgildingar- eða aðildarskjals að bókun þessari, og

(b) um móttöku hverrar tilkynningar um uppsögn bókunar þessarar, og móttökudag.

2. Einnig skulu vörsluaðilar tilkynna ríkjum þeim er í 1. tl. segir um gildistökudag bókunar þessar samkvæmt VI. gr.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

force for each State which deposits its instrument of ratification after that date on the thirtieth day after deposit of its instrument of ratification.

2. As soon as this Protocol enters into force, it shall be registered by the Depositaries pursuant to Article 102 of the Charter of the United Nations and pursuant to Article 83 of the Convention on International Civil Aviation (Chicago, 1944).

ARTICLE VII

1. This Protocol shall, after it has entered into force, be open for accession by any non-signatory State.

2. Any State which is not a Contracting State to the Convention may accede to this Protocol if at the same time it ratifies or accedes to the Convention in accordance with Article 15 thereof.

3. Instruments of accession shall be deposited with the Depositaries and accession shall take effect on the thirtieth day after the deposit.

ARTICLE VIII

1. Any Party to this Protocol may denounce it by written notification addressed to the Depositaries.

2. Denunciation shall take effect six months following the date on which notification is received by the Depositaries.

3. Denunciation of this Protocol shall not of itself have the effect of denunciation of the Convention.

4. Denunciation of the Convention by a Contracting State to the Convention as supplemented by this Protocol shall also have the effect of denunciation of this Protocol.

ARTICLE IX

1. The Depositaries shall promptly inform all signatory and acceding States to this Protocol and all signatory and acceding States to the Convention:

(a) of the date of each signature and the date of deposit of each instrument of ratification of, or accession to, this Protocol, and

(b) of the receipt of any notification of denunciation of this Protocol and the date thereof.

2. The Depositaries shall also notify the States referred to in paragraph 1 of the date on which this Protocol enters into force in accordance with Article VI.

In witness whereof the undersigned Plenipotentiaries, being duly authorized thereto by their Governments, have signed this Protocol.

Gjört í Montreal 24. febrúar 1988 í fjórum jafngidum textum á ensku, frönsku, rússnesku og spönsku, í fjórum frumritum.

Done at Montreal on the twenty-fourth day of February of the year One Thousand Nine Hundred and Eighty-eight, in four originals, each being drawn up in four authentic texts in the English, French, Russian and Spanish languages.

Nr. 10 20. maí 1990

AUGLÝSING

um breytingar á samþykkt um alþjóðaflugmál frá 1944.

Hinn 9. maí 1990 var Alþjóðaflugmálastofnuninni afhent fullgildingarskjöl Íslands vegna þriggja bókana um breytingar á samþykktinni um alþjóðaflugmál (stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar) frá 7. desember 1944, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 50. Bókanirnar voru gerðar í Róm 15. september 1962, í Montreal 6. óktóber 1980 og í Montreal 6. óktóber 1989. Bókunin frá 1962 öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 9. maí 1990. Tilkynnt verður um gildistöku hinna bókananna síðar.

Með bókuninni frá 1962 var 48. gr. (a) í samþykktinni breytt þannig að í stað 10 samningsríkja þarf samþykki eins fimmta hluta samningsríkja til þess að hægt sé að kalla saman aukafundi þings stofnunarinnar.

Með bókuninni frá 1980 var bætt inn nýrri 83. gr. bis í samþykktina. Greinin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Með bókuninni frá 1989 var 56. gr. samþykktarinnar breytt þannig að fulltrúum í loftsiglinganefnd stofnunarinnar var fjölgað úr 15 í 19.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. maí 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

83. gr. bis
Flutningur á ákveðnum skyldum og skuldbindingum

(a) Þrátt fyrir ákvæði 12., 30. og 31. gr. og a-liðar 32. gr. getur samningsríki, er flugfar sem þar er skráð er notað samkvæmt samningi um leigu, afnot, skipti á flugförum eða svipaða tilhögun, af atvinnurekanda sem hefur aðalstarfsstöð sína í öðru samningsríki, eða hefur þar varanlegt aðsetur hafi hann enga slíka starfsstöð, gert samkomulag við það ríki um að það taki að öllu leyti eða að hluta við skyldum þess og skuldbindingum sem heimaríkis flugfarsins samkvæmt 12., 30. og 31. gr. og a-lið 32. gr. Heimaríkið er þá laust undan ábyrgð varðandi þær skyldur og skuldbindingar sem fluttar hafa verið.

Article 83 bis
Transfer of certain functions and duties

(a) Notwithstanding the provisions of Articles 12, 30, 31 and 32 (a), when an aircraft registered in a contracting State is operated pursuant to an agreement for the lease, charter or interchange of the aircraft or any similar arrangement by an operator who has his principal place of business or, if he has no such place of business, his permanent residence in another contracting State, the State of registry may, by agreement with such other State, transfer to it all or part of its functions and duties as State of registry in respect of that aircraft under Articles 12, 30, 31 and 32 (a). The State of registry shall be relieved of responsibility in respect of the functions and duties transferred.